

Innkaupastefna Hafnarfjarðarkaupstaðar

Það er stefna Hafnarfjarðarkaupstaðar að innkaup sveitarfélagsins stuðli að hagkvæmni í rekstri og hvetji um leið til nýsköpunar og framsækinnar þróunar í atvinnulífi, með virðingu fyrir umhverfi og samfélagi að leiðarljósi.

Hafnarfjarðarkaupstaðar vinnur að því með eftirfarandi hætti:

- Að við innkaup sé þess gætt að ákvæðum laga og reglna er varða innkaup sé fylgt í hvívetna.
- Að gætt sé jafnræðis þeirra sem viðskipti eiga við sveitarfélagið.
- Að innkaupareglur og innkaupaaðferðir séu skýrar og gagnsæjar.
- Að beitt sé markvissum og skipulögðum vinnubrögðum við innkaup og með þeim stuðlað að hagkvæmni í rekstri og framkvæmdum sveitarfélagsins.
- Að við innkaup sé auk kostnaðar tekið tillit til gæða-, umhverfis- og mannréttindastjónarmiða.
- Að stuðla að samkeppni á markaði varðandi sölu á vörum, verkum og þjónustu til sveitarfélagsins.
- Að samræma innkaup fyrir einstaka stofnanir og fyrirtæki sveitarfélagsins að svo miklu leyti sem hagkvæmt þykir.

Samþykkt í bæjarstjórn Hafnarfjarðarkaupstaðar 14. september 2022